

**2002 nr. 103 15. maí****Lög um búfjárhald o.fl.**

Tóku gildi 6. júní 2002. *Breytt með* l. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbák. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 74/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

**I. kafli. Markmið, yfirstjórn og skilgreiningar.**

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja góðan aðbúnað búfjár, að það hafi ætíð nægilega beit/fóður og vatn, að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbriggt búfé, enn fremur að setja reglur um vörslu búfjár og afla hagtalna.

■ **2. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

□ Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker [ráðherra]<sup>1)</sup> úr.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 352. gr.

■ **3. gr.** Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aðbúnaður búfjár* er umhirða, húsakostur og/eða skjól.

2. *Friðað svæði* er land afmarkað vörslulínu sem hindrar aðgang búfjár.

3. *Gripheld girðing* er mannvirki úr ýmsu efni sem reist er til að hindra frjálsa för búfjár. Hún er breytileg að gerð og gæðum eftir tegund. Girðing getur miðast við aldur og kyn-eiginleika búfjár, verið fjárheld, hrossheld, nautgripheld, graðpeningsheld o.s.frv.

4. *Hagaganga* er það þegar eigandi búfjár kemur því í haga til annars aðila án þess að taka landið á leigu og gerir um það samning. Sá aðili verður þar með umráðamaður búfjárins.

5. *Landspilda* er ákveðinn hluti lands sem afmarkaður hefur verið.

6. *Lausaganga* er þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi.

7. *Lausagöngubann* er bann sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sveitarfélagið í heild eða hluta þess og auglýsir í Stjórnartíðindum til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár, einnar tegundar eða fleiri.

8. *Umráðamaður búfjár* er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði, og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og samkvæmt samningi milli aðila.

9. *Umráðamaður lands* er sá aðili sem hefur rétt til að ráðstafa nýtingu landsins.

10. *Tilsjónarmaður* er sá aðili sem tekið hefur að sér fóðrun og eftirlit með aðbúnaði en ber ekki ábyrgð á því nema gerður hafi verið um það samningur og er hann þá þar með orðinn umráðamaður búfjár.

11. *Varsla búfjár* er þegar umráðamaður búfjár heldur því innan afmarkaðs svæðis.

12. *Vörslukrafa* er krafa eða viðmiðun um gerð og gæði tiltekinnar vörslu, mismikil eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár.

13. *Vörslulína* er gripheld girðing, hlið og önnur mannvirki svo og náttúrulegur farartálmi sem kemur algerlega í veg fyrir frjálsa för búfjár allt árið eða á þeim tímum árs þegar búfjár er von á svæðinu.

14. *Vörsluskýlda* er skilyrðislaus krafa um að umráðamaður búfjár ábyrgist að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis allt árið eða tiltekna hluta þess.

**II. kafli. Takmörkun búfjárhalds.**

■ **4. gr.** Sveitarstjórn heldur skrá yfir alla þá sem halda búfé. Skrá skal bæði hjón, alla aðila félagsbús og bústjóra og stjórnarformenn annarra félaga. [Skrána skal uppfæra árlega og senda fyrir 15. janúar ár hvert búnaðarsamböndum, héraðsdýralæknum og [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> og skal stofnunin halda heildarskrá fyrir allt landið.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 71. gr. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 30. gr.

■ **5. gr.** Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. [Ráðherra]<sup>1)</sup> staðfestir slíka samþykkt og birtir í Stjórnartíðindum að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

□ Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað á tilteknum svæðum innan sveitarfélagsins. Verði búfjáreigandi fyrir atvinnuþjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, skal greiða bætur úr sveitarsjóði.

□ Um mat bóta skv. 2. mgr. skal fara að hætti mats á eignarnámsbótum og sér matsnefnd eignarnámsbóta um framkvæmd matsins.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 352. gr.

**III. kafli. Varsla búfjár.**

■ **6. gr.** Sveitarstjórnnum, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að umráðamönnum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarfélags eða afmarkaðra hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

□ Þar sem sveitarstjórn hefur gert umráðamönnum búfjár skylt að hafa búfé í vörslu skal vera gripheld girðing og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé. Um kostnað við uppsetningu girðinga og viðhald fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

■ **7. gr.** Graðpeningi skal haldið í vörslu sem hér segir:

1. Naut, 6 mánaða og eldri, allt árið.

2. Hrútar og hafrar, á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.

3. Graðhestar eða laungraðir hestar, 10 mánaða og eldri, allt árið.

4. Aðrar búfjártegundir en framan greinir, allt árið.

□ Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og honum komið í örugga vörslu. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi graðpening gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Við ítrekuð brot skal graðhestur seldur nauðungarsölu samkvæmt nauðungarsölulögum en felldur verði hann ekki seldur. Öðrum graðpeningi skal slátrað og sölu- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

■ **8. gr.** Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð. Slík ákvörðun skal tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi og skal liggja fyrir umsögn búnaðarsambands um að vörslulínur séu fullnægjandi og uppfylli ákvæði laganna, sbr. 3. gr. Sveitarstjórn skal auglýsa slíka ákvörðun í Stjórnartíðindum. Umráðamaður lands skal fyrir 15. júní á hverju vori framvísa til sveitarstjórnar umsögn búnaðarsambands um að vörslulína sé fullnægjandi. Um skiptingu kostn-

aðar við vörslulínu á landamerkjum fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

■ **9. gr.** Komist búfé inn á friðað svæði, sbr. 8. gr., skal umráðamaður lands ábyrgjast handsömun þess og koma því í örugga vörslu. Skal hann þá þegar kanna hver er réttur eigandi að hinu handsamaða búfé og tilkynna honum þegar í stað hvar búféð er. Hafi umráðamaður búfjár ekki fundist eða sinnt fyrir mælum um að sækja búféð innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu er umráðamanni lands heimilt að afhenda viðkomandi sveitarstjórn búféð. Umráðamaður lands ber ábyrgð á því að búfé hafi nægilegt fóður og vatn á meðan það er í vörslu hans.

□ Sveitarstjórn og umráðamaður lands eiga lögveð í búfénu fyrir sannanlegum kostnaði.

#### IV. kafli. Um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

■ **10. gr.** Búfjárefirtirlit er á ábyrgð sveitarfélaga og skal rekjið sameiginlega, að minnsta kosti af minni sveitarfélögum, á starfssvæðum sem kveðið er á um í reglugerð, sbr. 4. tölul. 17. gr.

□ Sveitarfélög skulu ráða búfjárefirtirlitsmann, einn eða fleiri eftir umfangi hvers svæðis, og sjá honum fyrir starfsaðstöðu og búnaði til starfsins. Búfjárefirtirlitsmenn hafa eftirlit með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og beit, auk annarra verkefna sem þeim eru falin. Til starfsins skal velja menn sem hafa a.m.k. búfræðimenntun. Áður en búfjárefirtirlitsmenn taka til starfa skulu þeir sækja sérstakt námskeið á vegum Bændasamtaka Íslands sem samræmir jafnframt framkvæmd búfjárefirtirlits. Bændasamtök Íslands skulu útbúa sérstaka handbók fyrir búfjárefirtirlitsmenn með helstu upplýsingum. Um sérstakt hæfi búfjárefirtirlitsmanna fer eftir stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993.

□ Sveitarfélög á hverju starfssvæði geta með samkomulagi sín í milli falið sérstökum aðila umsjón með fjárreiðum og aðstöðu fyrir búfjárefirtirlitið, t.d. búnaðarsamböndum, eða falið stærsta sveitarfélaginu að hafa umsjón með þessum þáttum.

□ Kostnaður við búfjárefirtirlit greiðist af sveitarfélagnum. Sveitarstjórn er þó heimilt að krefja umráðamann búfjár um kostnað sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu gripa, sbr. 9., 15. og 16. gr., samkvæmt gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra.

□ Á hverju búfjárefirtirlitssvæði sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag starfar búfjárefirtirlitsnefnd skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara og eru þeir valdir af sveitarfélögnum eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára. Búfjárefirtirlitsnefnd kemur saman a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. að vori og hausti. Búfjárefirtirlitsnefnd annast yfirstjórn búfjárefirtirlitsins fyrir hönd sveitarfélaganna, gerir fjárhagsáætlanir um rekstur eftirlitsins og leggur þær fyrir sveitarstjórnir til samþykktar. Búfjárefirtirlitsmenn gefa búfjárefirtirlitsnefnd skýrslu um störf sín á fundum nefndarinnar.

■ **11. gr.** Á hverju hausti og eigi síðar en 1. nóvember sendir búfjárefirtirlitsmaður öllum umráðamönnum búfjár á sínu starfssvæði haustskýrslu frá [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> til útfyllingar ásamt reglum um útfyllingu. Á skýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund og allt búfé í hagaöngu og á hvaða jörð eða landspildu það er. Einnig skal koma fram aðbúnaður alls búfjár, gróffóðurforði af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum og fyrningar auk upplýsinga um aðra fóðuröflun. Ef til er gagnagrunnur þar sem upplýsingar þessar liggja fyrir getur [ráðuneytið]<sup>2)</sup> heimilað að fella niður þessa upplýsingaöflun. Umráðamaður búfjár

skal senda haustskýrslu útfyllta til viðkomandi búfjárefirtirlitsmanns í síðasta lagi 20. nóvember. Hafi búfjárefirtirlitsmaður ekki fengið haustskýrslu útfyllta frá einhverjum umráðamanni búfjár fyrir tilskilinn frest skal hann fara og skoða hjá viðkomandi og ber umráðamaður búfjár kostnaðinn af því í samræmi við gildandi gjaldskrá. Slíkri skoðun skal lokið eigi síðar en 20. desember ár hvert.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 71. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 352. gr.

■ **12. gr.** Búfjárefirtirlitsmaður skal á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, fara í eftirlitsferð til allra umráðamanna búfjár í umdæmi sínu sem ekki starfrækja innra eftirlit sem viðurkennt hefur verið af héraðsdýralækni. [Búfjárefirtirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár, fóðrun og merkingum og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað, fóðrun og/eda merkingar búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjárefirtirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.]<sup>1)</sup>

□ Um gjalddöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr.

<sup>1)</sup> L. 76/2005, 32. gr.

■ **13. gr.** Búfjárefirtirlitsmaður sendir frumrit og fyrsta afrit af útfylltum búfjárefirtirlitsskýrslum skv. 11. gr. til viðkomandi búnaðarsambands eigi síðar en 31. desember ár hvert. Búnaðarsamband yfirfer gögnin og sendir [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> frumritið eigi síðar en 20. janúar. [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> annast úrvinnslu þeirra upplýsinga sem fram koma á skýrslunum. Það sama á við um skýrslur skv. 12. gr. komi þar fram breytingar á fjölda búfjár. Upplýsingar úr skýrslunum eru heimilar til afnota fyrir Hagstofu Íslands, [aðila skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins],<sup>2)</sup> [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> og aðra opinbera aðila að fengnu leyfi [ráðuneytisins].<sup>3)</sup>

□ Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er [ráðherra]<sup>3)</sup> heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 71. gr. <sup>2)</sup> L. 74/2011, 16. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 352. gr.

■ **14. gr.** Séu gripir í hagaöngu á eyðjörðum eða landspildum þar sem ekki er föst búseta skal umráðamaður búfjár ætíð tilgreina tilsjónarmann, fyrirframsamþykktan af sveitarstjórn, sem sér um fóðrun og eftirlit með aðbúnaði búfjárins og viðkomandi beitolöndum. Umráðamaður búfjár ber alltaf ábyrgð á fóðrun, beit og aðbúnaði. Nafn tilsjónarmanns skal skráð á viðkomandi búfjárefirtirlitsskýrslum. Umráðamaður lands er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu til um fjölda búfjár í hagaöngu og umráðamann þess.

■ **15. gr.** Meini umráðamaður búfjár búfjárefirtirlitsmanni um aðgang að gripahúsum og/eda beitolöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum skal búfjárefirtirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það samdægurs. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta innan tveggja sólarhringa skal sveitarstjórn óska eftir aðstoð lögreglustjóra og jafnframt tilkynna það til [ráðherra].<sup>1)</sup> Lögreglustjóri skal, þegar hann fær tilkynninguna, fela lögreglu að fara innan sólarhrings með búfjárefirtirlitsmanni til skoðunar og eftirlits. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús án leyfis ábúenda eða umráðamanns búfjár nema að undangengnum dómsúrskurði. Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað sem af aðgerðum þessum hlýst og fer um gjalddöku eftir gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr. Sveitarstjórn og lögreglustjóri eiga lögveð í búfé umráðamanns þess eða kröfurétt í aðrar eignir hans.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 352. gr.

■ **16. gr.** Komi í ljós að fóðrun eða aðbúnaði búfjár er ábótavant skal búfjárefirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn og héraðsdýralækni samdægurs. Hver sá sem verður var við að umráðamann búfjár skorti hús, fóður eða beit fyrir búfé sitt, hann vanfóðri það eða beiti það harðýðgi skal tilkynna það héraðsdýralækni. Berist upplýsingar um vanfóðrun, harðýðgi eða slæman aðbúnað búfjár beint til dýralæknis, búnaðarsambands eða lögreglu skal tilkynna það héraðsdýralækni samdægurs. Hann skal þá innan tveggja sólarhringa fara á staðinn og meta ástand búfjárins og aðbúnað. Héraðsdýralækni er skylt að kalla til héraðsráðunaut og/eða fulltrúa [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> sér til aðstoðar við aðgerðir samkvæmt þessari grein. Héraðsdýralæknir og héraðsráðunautur eða fulltrúi [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> skulu gefa umráðamanni búfjár skrifleg fyrirbúnað og ráðstafaþingir telji þeir það nauðsynlegt og upplýsa sveitarstjórn um málið. Veita skal mest einnar viku frest til úrbóta ef um vanfóðrun eða harðýðgi er að ræða en mest þriggja vikna frest ef aðbúnaði er ábótavant og skal gefa umráðamanni búfjár mest fjögurra sólarhringa frest til andmæla.

□ Neiti umráðamaður búfjár eftirlitsaðilum um aðgang að gripahúsum og/eða beitolöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti skal héraðsdýralæknir tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan sólarhrings og skal lögreglustjóri þá óska eftir dómsúrskurði innan sólarhrings frá tilkynningu.

□ Virði umráðamaður búfjár ekki þær ráðstafaþingir sem lagðar voru fyrir eða geti ekki orðið við þeim og/eða héraðsdýralæknir telur úrbætur ekki þola bið skal lögreglustjóri taka búfé úr vörslu umráðamanns búfjár innan tveggja sólarhringa.

□ Lögreglustjóri skal ráðstafa búfé í samráði við héraðsdýralækni og sveitarstjórn eftir vörslusviptingu. Heimilt er að aflífa búféð að undangengnum fjögurra sólarhringa andmælafresti umráðamanns búfjár.

□ Héraðsdýralæknir getur í samráði við [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> aflífað innan sólarhrings búfé sem orðið hefur fyrir varanlegum skaða sökum vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Lögreglustjóri ber ábyrgð á þeim aðgerðum.

□ Í öllum tilvikum ber sveitarstjórn að útvega fóður, hlutast til um fóðrun og aðbúnað eða ráðstafa búfé til fóðrunar þar til það hefur verið tekið úr vörslu búfjáreiganda. Sjái sveitarstjórn sér ekki fært að útvega fóður, hlutast til um fóðrun eða sjá um aðbúnað búfjárins skal þegar grípa til vörslusviptingar, sbr. 3. mgr.

□ Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. Sveitarstjórn, lögreglustjóri og eftirlitsaðilar eiga lögveð í búfénu vegna kostnaðar sem hlýst af framkvæmd þessarar greinar eða kröfurétt í aðrar eignir hans. Þó skal viðkomandi eftirlitsaðili bera kostnað sem hlýst af tilefnislausri tilkynningu.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 71. gr.

## V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **17. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur m.a. sett eftirfarandi reglugerðir um nánari framkvæmd laganna:

1. Reglugerð<sup>2)</sup> um merkingar búfjár þar sem kveðið er á um að umráðamönnum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt samkvæmt viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi.

2. Reglugerð um vörslu búfjár. Í reglugerðinni skal fjallað um almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund og einnig kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.

3. Reglugerðir<sup>3)</sup> um aðbúnað og meðferð búfjár. Ráðherra getur út reglugerð fyrir hverja einstaka búfjártegund, í samvinnu við viðkomandi búgreinasamband, Bændasamtök Íslands og [Matvælastofnun].<sup>4)</sup> Í reglugerðunum skal kveðið á um mismunandi reglur sem gilda um búfé eftir tegund og aldri þess. Í reglugerðum um aðbúnað skal kveðið á um leyfi til framleiðslu og sölu afurðanna og skilyrði sem umráðamenn búfjár þurfa að uppfylla til að öðlast líkt leyfi. Eins skal kveðið á um aðgerðir ef framleiðendur eru sviptir framleiðsluleyfi. Eftirlit með framkvæmd aðbúnaðarreglugerða skal falið búfjárefirlitsmönnum og héraðsdýralæknum.

4. Reglugerð<sup>5)</sup> um starfssvæði búfjárefirlits og framkvæmd þess, svo sem forðagæsla, eftirlitið sjálft og talningu búfjár. Í reglugerðinni skal m.a. fjalla um haust- og vorskýrslur.

[5. Reglugerð um flutning búfjár. Í reglugerðinni skulu m.a. sett fyrirmæli er tryggja velferð búfjár í tengslum við flutninga. Þá skal setja fram kröfur um flutning búfjár frá brottfararstað til áfangastaðar, þ.m.t. hleðsla, umferming og afferming, og um þær kröfur sem gerðar eru til flutningstækja sem flytja búfé auk hleðslubúnaðar. Heimilt er að setja reglur um flutningsskilríki flutningsaðila, skyldur gæsluadila með búfé, sérstök leyfi flutningsaðila sem veitt verða af Matvælastofnun og reglur til að skylda aðila sem vinna við flutning á búfé til að sækja námskeið. Við setningu reglugerðar um flutning búfjár skal aflað umsagnar Umhverfisstofnunar.]

6. Reglugerð<sup>6)</sup> um aflífun búfjár. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um að búfé skuli aflífað með skjótum og sársaukalausum hætti og án þess að önnur dýr verði þess vör, sem og að búfé skuli ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Þá skal setja í reglugerðina fyrirmæli um hvernig nánar verði staðið að meðferð, skoðun og aflífun búfjár í sláturhúsum og utan sláturhúsa, svo og vegna aflífunar búfjár vegna sjúkdómavarna. Heimilt er að setja kröfur um fræðslu og hæfi aðila sem vinna við aflífun búfjár, t.d. um skyldu til að sækja námskeið. Við setningu reglugerðar um aflífun búfjár skal aflað umsagnar Umhverfisstofnunar.]<sup>7)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 352. gr. <sup>2)</sup> Rg. 289/2005, sbr. 972/2005, 323/2009, 941/2009 og 868/2010. Rg. 968/2011. Rg. 969/2011. Rg. 970/2011, sbr. 215/2012. Rg. 971/2011. Rg. 972/2011, sbr. 89/2012 og 183/2012. Rg. 973/2011, sbr. 182/2012. Rg. 974/2011. Rg. 975/2011, sbr. 336/2012. Rg. 1189/2011. <sup>3)</sup> Rg. 438/2002 (nautgripir), sbr. 1319/2011. Rg. 160/2006 (hross). Rg. 165/2007 (minkar og refir). Rg. 353/2011 (svín), sbr. 518/2012. <sup>4)</sup> L. 167/2007, 71. gr. <sup>5)</sup> Rg. 743/2002, sbr. 231/2003. <sup>6)</sup> Rg. 761/2011. <sup>7)</sup> L. 167/2007, 30. gr.

■ **18. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á búfé skal honum bannað að eiga eða halda búfé. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 233. gr.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . Reglugerðir sem settar hafa verið með heimild í eldri lögum halda gildi sínu þar til þær hafa verið endurskoðaðar að svo miklu leyti sem þær samrýmast lögum þessum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Sjá nú r. 251/1995, sbr. 904/2001 og 701/2002; r. 504/1998, sbr. 246/1999 og 15/2000; r. 557/1998, r. 59/2000, r. 60/2000.